



## V. Nokkrar gullnar reglur

- Fjárfestu bara fyrir það sem þú hefur efni á að tapa
  - Verðmæti einstakra fjárfestingarkosta getur hækkað eða lækkað snögglega. Fjárfestingarákvarðanir ættu ávallt að taka mið af því að verðmæti einstakra fjárfestinga gæti glatast að fullu.
- Hugleiddu að áhætta og væntur ávinningur fara almennt saman
  - Fjárfesting í hlutabréfum og skuldabréfum felur alltaf í sér áhættu. Áhættan er mismikil eftir eðli fjárfestingarinnar og yfirleitt má segja að væntur ávinningur fjárfestinga vaxi með aukinni áhættu en með sama hætti aukast líkurnar á tapi. Í stuttu máli: Því hærri væntingar um gróða, þeim mun meiri hætta á að tapa fjárfestingunni.
  - Allir sem fjárfesta þurfa að meta hvort markmið þeirra sé stöðug ávöxtun með takmarkaðri áhættu eða skjótfenginn ávöxtun með aukinni hættu á tapi.
- Taktu mið af fjárfestingartíma
  - Við val á fjárfestingarkostum er hyggilegt að hafa í huga til hversu langs tíma er verið að fjárfesta. Fólk sem nálgast starfslok eða þarf að geta nálgast fjármagn með stuttum fyrirvara má almennt síður við sveiflum en yngra fólk og ættu fjárfestingar að taka mið af því.
  - Fjárfestar sem sjá fram á að þurfa að losa fjármagn með stuttum fyrirvara ættu að sama skapi að leitast við að takmarka sveiflur í verðmæti eignasafna sinna.
- Gerðu greinarmun á gæðum fyrirtækisins og gæðum fjárfestingarinnar
  - Hlutabréf útgefin af vel reknu og arðbæru fyrirtæki eru ekki sjálfkrafa góður fjárfestingarkostur. Fjöldmörg dæmi eru um fjárfesta sem hafa tapað á því að fjárfesta í „góðum“ fyrirtækjum, einfaldlega vegna þess að hlutabréfin voru of hátt verðlögð við kaup.
  - Að sama skapi þarf meira að liggja að baki fjárfestingu í skuldabréfi en traustur skuldari. Þar þarf að skoða vel undirliggjandi veð og skilmála skuldabréfanna, einkum m.t.t. upplýsingaskyldu skuldara og vanefndaúrræða.
- Dreifðu eign þinni
  - Vel dreift eignasafn m.t.t. starfsemi þeirra fyrirtækja sem fjárfest er í og tegundar verðbréfa (skuldabréf og hlutabréf) getur dregið verulega úr áhættu. Takmarkaður hluti eignasafns ætti því að vera bundinn í einstökum verðbréfum eða eignaflokkum.
  - Ein leið til að ná áhættudreifingu er með fjárfestingu í blönduðum verðbréfasjóðum.
- Hafðu auga með fjárfestingunni
  - Að fjárfesta í hlutabréfum eða skuldabréfum er viðvarandi verkefni. Breyttar aðstæður geta haft áhrif á ávöxtun og því er mikilvægt að fjárfestar séu vel á verði. Í því felst m.a. að mæta á hluthafafundi, fylgjast með opinberlega birtum upplýsingum frá útgefanda verðbréfanna og bregðast við ef þörf krefur, t.a.m. með því að gera breytingar á eignasafninu.
  - Mikilvægi markvissrar eftirfylgni eykst eftir því sem meiri áhætta er tekin með fjárfestingunni.
- Varastu hjarðhegðun
  - Byggðu fjárfestingu í verðbréfum á vel ígrundaðri greiningu fremur en skammtímapróun, orðrómi eða stemningu á markaði. Söguleg verðþróun er ekki ávísun á svipaða þróun í framtíðinni.



## Fjárfesting á markaði - Taktu meðvituð skref -



VÍÐSKIPTARÁÐ ÍSLANDS

NASDAQ OMX

Stofnun um  
fjármálalæsi

## Inngangur

Verðbréfamarkaðir leiða saman kaupendur og seljendur verðbréfa (hlutabréfa og skuldabréfa). Þeir gegna mikilvægu hlutverki fyrir efnahag hvernar þjóðar; fyrir fyrirtæki, ríki og sveitarfélög sem eru með skráð verðbréf á hlutabréfa- eða skuldabréfamarkaði, og þá sem fjárfesta í þeim. Virkur og trúverðugur verðbréfamarkaður skilar sterkara atvinnulífi, tækifærum til ávöxtunar fyrir fjárfesta og þar með hagsæld fyrir efnahagskerfið í heild.

En vel skal vanda það sem lengi á að standa. Að fenginni reynslu er ljóst að þegar vönduð vinnubrögð eru virt að vettugi getur það valdið ómældum skaða fyrir efnahagslífið í heild. Það er mikilvægt hverri þjóð að eiga sterk og góð fyrirtæki og það er mikilvægt fyrir almenning að eiga góða fjárfestingarkosti.

Það er algengur misskilningur að viðskipti á verðbréfamarkaði séu einungis fyrir efnaða einstaklinga, svokallaða fagfjárfesta eða stofnanafjárfesta. Þvert á móti eru smáir fjárfestar taldir vera burðarás fjárfestinga á markaði. En það er að ýmsu að huga þegar fjárfesting á verðbréfamarkaði er íhuguð. Hér fara nokkur atriði sem sérstaklega eru ætluð þeim smáu fjárfestum sem eru að huga að fjárfestingum á verðbréfamarkaði.

## I. Hvað þarf ég að vita áður en ég byrja?

### Vandaðu undirbúninginn

- Aflaðu þér þekkingar um hvernig verðbréfamarkaðurinn virkar og hvernig meta eigi rekstur fyrirtækja, sæktu námskeið, lestu námsefni og vertu óspar á að leita þér ráðgjafar.
- Veltu fyrir þér hvaða fjárfestingarstefna hentar þér og hvort þú vilt sjá sjálf(ur) um þínar fjárfestingar eða fela þær eftirlitsskyldum aðilum sem hafa leyfi til að veita fjárfestingarráðgjöf og sinna eignastýringu.
- Ef þú leitar til aðila sem sinna eignastýringu skoðaðu hversu góðri raunávöxtun (nafnávöxtun að teknu tilliti til verðbólgu) þeir hafa skilað sínum viðskiptavinum, en hafðu í huga að árangur fortíðar er ekki ávísun á árangur til framtíðar. Skoða má árangur tiltekinnna sjóða á [www.sjodir.is](http://www.sjodir.is).
- Kynntu þér allt tiltækt efni um þann fjárfestingarkost sem þú ert að hugleiða, s.s. lýsingu og ársreikning, en hvort tveggja á almennt að vera aðgengilegt á vefsíðum fyrirtækjanna.
  - Lestu þér t.d. til um rekstrarsögu, áhættuþætti, einkunnir matsfyrirtækja, rekstraráætlanir, framtíðaráform, arðgreiðslustefnu, stjórnarmenn og lykilstjórnendur, starfskjarastefnu, útgefið efni greiningaraðila og opinberra aðila og síðast en ekki síst stjórnarhætti, en nokkur fyrirtæki hafa farið í gegnum sérstaka **úttekt** á sínum stjórnarháttum. Þá er tilvalið að skoða að auki hvort fyrirtæki hafi sett sér siðareglur, stefnu um samfélagslega ábyrgð og samkeppnisréttaráætlanir.
- Skoðaðu hvort auðvelt yrði að selja bréfin ef til þess kæmi, en seljanleika má t.a.m. meta með því að skoða fjölda og umfang viðskipta með verðbréf fyrirtækja og hvort viðskiptin séu regluleg. Athugaðu einnig hvort viðskiptavakt sé með bréfin og hvernig dreifingu eignarhalds er háttað, en hvort tveggja styður við seljanleika þeirra.

## II. Að hverju þarf að huga þegar fjárfest er í verðbréfum?

### Kynntu þér lög og reglur

- Kynntu þér vel þær leikreglur sem um viðskiptin gilda. Þegar um er að ræða viðskipti með hlutabréf er vert að skoða vandlega reglur er snúa að starfsemi hlutafélaga og réttindum hluthafa. Ef ætlunin er að fjárfesta í skuldabréfum er að auki ástæða til að fara vel yfir skilmála skuldabréfsins og reglur um réttindi kröfuhafa.
- Skoðaðu sérstaklega hvort þú getir talist til innherja vegna aðgangs að innherjaupplýsingum um útgefanda verðbréfa eða sjálf verðbréfin sem þú hefur hug á að fjárfesta í, en um slík viðskipti gilda strangari reglur en almennt gerist.
- Hafðu í huga að í útboðum ættu fjárfestar aldrei að skrá sig fyrir hærra fjárhæðum en þeir geta staðið við þar sem þeir gætu fengið úthlutun umfram greiðslugetu, auk þess sem slíkt gæti talist markaðsmisnotkun.
- Innherjasvik, markaðsmisnotkun og skattalagabrot eru meðal alvarlegustu brota og geta varðað þungum refsingum.

## III. Hvað þarf ég að hafa í huga þegar ég sel?

- Sumir ákveða áður en þeir fjárfesta hvenær þeir ætla sér að selja verðbréfin sín, t.d. við ákveðna hækkun eða lækkun verðbréfanna. Skoðaðu hvort slík nálgun henti þér.
- Standa þarf skil á fjármagnstekjuskatti af innleystum hagnaði og arðgreiðslum. Ekki er heimilt að jafna tap af einni fjárfestingu á móti hagnaði af annarri og skattur greiðist af hagnaði án tillits til verðbólgu.

## IV. Þú ert þinnar eigin gæfu smiður

- Á ofangreindu sést að það er vandasamt að fjárfesta á verðbréfamarkaði.
- Á endanum berð þú ábyrgð á fjárfestingum þínum. Ef vel gengur nýtur þú góðs af, en ef illa fer berð þú skaðann. Varstu því að láta aðra hafa ótilhlýðileg áhrif á þínar ákvarðanir.
- Ef þú ert með fjármuni í eignastýringu eða verðbréfasjóðum veittu aðhald, spyrðu spurninga og breyttu um stefnu eða þjónustuaðila ef þú telur ástæðu til. Það er þinn sjálfsagði réttur.
- Vertu virkur fjárfestir og beittu ákvörðunarvaldi þínu sem hluthafi, s.s. með því að mæta á hluthafafundi, taka til máls og óska eftir að fá að setja mál á dagskrá fundar ef þörf er á, rýna fundargögn á borð við ársreikning, stjórnarháttayfirlýsingu og árangursmat stjórnar, meta hvort fyrirtækið sé að ná markmiðum sínum til skemmri og lengri tíma, skoða samsetningu stjórnarinnar og meta hvort frammistöðu stjórnenda og stjórnar fyrirtækisins t.a.m. hvort leiðbeiningum um góða stjórnarhætti sé fylgt.